



Grundarfjarðarbær

Gjaldskrá heilsdagsskóla í Grunnskóla Grundarfjarðar

Gildir frá 1. janúar 2025

1. gr.

Heilsdagsskóli er einkum ætlaður nemendum í 1. og 2. bekk, en ef aðstæður leyfa komast eldri nemendur að líka.

Heilsdagsskóli er starfræktur á skóladögum, samkvæmt skóladagatali til kl. 16:00 mánudaga-fimmtudaga og a.m.k. til kl. 15:00 á föstudögum. Heilsdagsskóli er starfræktur til kl. 16:00 á föstudögum ef að lágmarki foreldrar/forráðamenn fjögurra barna óska eftir því.

Starfsmenn heilsdagsskóla passa upp á að senda nemendur í tónlistartíma og íþróttatíma. Að öðru leyti eru börnin við frjálsan leik, úti eða inni. Heimanám nemenda er alfarið á ábyrgð foreldra/forráðamanna, en starfsmenn heilsdagsskóla leitast við að aðstoða nemendur við heimanám eftir því sem kostur er.

2. gr.

Gjald fyrir hverja dvalarstund er 374 kr. Gjald fyrir síðdegishressingu er 207 kr.

Greitt er fyrirfram fyrir hvern mánuð og er innheimt með greiðsluseðli. Ekki er endurgreitt vegna fjarvista eða veikinda, nema þau vari lengur en eina viku samfellt. Ekki er veittur afsláttur þó nemendur fari t.d. í íþróttatíma eða tónlistartíma á dvalartíma heilsdagsskólans.

3. gr.

Afslættir af dvalargjaldi:

Einstæðir foreldrar og námsmenn	40%
Systkinaafsláttur, 2. barn	50%
Systkinaafsláttur, 3. barn	100%

Afsláttur til námsmanna gildir ef báðir foreldrar eru skráðir í fullt nám og ljúka a.m.k. 75% af fullu námi. Afsláttur reiknast frá því að vottorð um skólavist er lagt fram. Ljúki ekki báðir foreldrar 75% af fullu námi, fellur afsláttur niður.

Systkinaafsláttur er á milli leikskóla og heilsdagsskóla. Hæsti afsláttur reiknast af lægsta dvalargjaldinu. Afsláttur reiknast ekki af síðdegishressingu eða öðrum gjöldum.

4. gr.

Skráning í heilsdagsskóla er hjá skólaritara. Skráning getur verið í 1, 2 eða 3 tíma á dag samkvæmt 1. gr. og þarf að panta fyrir a.m.k. einn mánuð í senn. Skráning eða afskráning tekur gildi um næstu mánaðamót samkvæmt tilkynningu sem þarf að berast skólaritara fyrir 20. dag mánaðar á undan.

5. gr.

Gjaldskrá þessi er samin með vísan til 33. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 með síðari breytingum og var samþykkt í bæjarstjórn Grundarfjarðarbæjar 14. desember 2023. Gjaldskráin tekur gildi 1. janúar 2025.

Grundarfirði, 12. desember 2024

Björg Ágústsdóttir, bæjarstjóri